

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f. h. Þjóðminjasafns, skulu sýknir af kröfum stefnanda. Stefndandi, Mats Wibe Lund, greiði í ríkissjóð kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. desember 1978.

Nr. 219/1978. Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni
Sævari Marinó Ciesielski og
Tryggva Rúnari Leifssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærum lýst fyrir héraðsdómara innan lögmæltis frests skv. 174. gr. áðurnefndra laga.

Gögn máls bárust Hæstarétti 20. desember 1978.

Varnaraðili Kristján Viðar krefst þess, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega og „að gæsluvarðhaldið skuli afplánað í ríkisfangelsi og kærandi hljóti þar sömu meðferð og almennir fangar“. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili Sævar Marinó krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur og „tilhögun og framkvæmd gæsluvarðhaldsins verði breytt frá því, sem verið hefur“. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili Tryggvi Rúnar krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, sbr. 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki verður í kærumáli þessu fjallað um aðrar kröfur varnaraðilja en þær, sem varða framlengingu gæsluvarðhalds þeirra.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Rétt hefði verið að kveða upp sérstakan úrskurð vegna hvers varnaraðilja um sig.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1978.

Ár 1978, þriðjudaginn 19. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 19. desember 1977, voru eftirtaldir menn dæmdir í fangelsi sem hér segir:

Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82, Reykjavík, fæddur 21. apríl 1955, í ævilangt fangelsi fyrir manndráp, rangar sakargiftir og þjófnaði.

Sævar Marinó Ciesielski, Grýtubakka 10, Reykjavík, fæddur 6. júlí 1955, í ævilangt fangelsi fyrir manndráp, rangar sakargiftir, brot á fíkniefnalöggjöf, skjalafals og auðgunarbrot.

Tryggvi Rúnar Leifsson, Selásbletti 14, Reykjavík, fæddur 12. okt. 1951, í 16 ára fangelsi fyrir manndráp, nauðgun, brennur og þjófnaði.

Guðjón Skarphéðinsson, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, fæddur 19. júní 1943, í 12 ára fangelsi fyrir manndráp og brot á fíkniefnalöggjöfinni.

Hinn sama dag voru menn þessir úrskurðaðir til að sæta gæslu-

varðhaldi, uns dómur Hæstaréttar gengi í máli þeirra, þó eigi lengur en til 19. desember 1978.

Af hálfu ákærvaldsins hefur verið gerð krafa um, að fram-
lengd verði gæsluvarðhaldsvist fyrrgreindra fjögurra manna og
að þeir sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur Hæstaréttar gengur í
máli þeirra eða til 19. desember 1979.

Sævar Marinó hefur mótmælt kröfu þessari, en hinir þrír hafa
ekki gert athugasemdir við hana.

Í bréfi ríkissaksóknara er gerð grein fyrir gangi málsins eftir
uppkvaðningu dómsins. Segir þar svo orðrétt: „Embætti ríkis-
saksóknara bærust dómsgerðir málsins með bréfi sakadómsins,
dags. 6. júlí s.l., og áritanir um birtingu áfrýjunarstefnu með
bréfi, dags. 15. ágúst s.l.

Með bréfi, dags. 20. nóvember s.l., leitaði ríkissaksóknari um-
sagnar Læknaráðs um, hvort það féllist á niðurstöður álitsgerða
geðlækna, sem lagðar hafa verið fram í málinu, um geðheilbrigði
og sakhæfi fyrrgreindra fjögurra manna svo og Erlu Bolladóttur.
Umsögn Læknaráðs er ókomin.

Þá er verið að vinna að undirbúningi ágrípsgerðar málsins til
notkunar fyrir Hæstarétti, en það er mikið verk og tafsamt.

Er enn eigi gjörlegt að segja til um, hvenær málið verður til-
búið til flutnings í æðra rétti, en allt kapp er lagt á að hraða
ágrípsgerð.“

Með vísan til 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að taka kröfu
ákærvaldsins til greina, og skal gæsluvarðhaldið ekki standa
lengur en til 19. desember 1979.

Úrskurðarorð:

Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi
Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson sæti gæsluvarð-
haldi, uns dómur Hæstaréttar gengur í máli þeirra, þó eigi
lengur en til 19. desember 1979.